

Íslenskar bænir fram um 1600
Svavar Sigmundsson bjó til útgáfu,
Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,
2018, 403 bls., skrár, myndir

Bænir og bænarlíf eru snar þáttur í kristinni trúariðkun. Gildir þá einu hvort um er að ræða einstaklingsbundna guðrækni eða sameiginlega guðsþjónustu safnaðarins — messuna, guðsþjónustur af ýmsum toga, tíðagjörð eða aðrar helgiathafnir. Á öllum þessum sviðum er bænin rauður þráður eða uppistaða sem teygir sig frá innsta hugskoti þess sem biður til Guðs. Þrátt fyrir þetta hafa bænir og bænariðkun Íslendinga ekki verið rannsökuð svo að nokkru nemur. Ekki verður annað sagt en að stórt skarð sé í þekkingu okkar á trúarlegri menningu þjóðarinnar meðan svo er.

Bænarannsóknir er mögulegt að stunda út frá mörgum og mismunandi sjónarhornum. Nú á dögum væri nærtækt að nálgast viðfangsefnið með viðhorfum og aðferðum trúarlífssálarfræðinnar og trúarlífssfélagsfræðinnar. Út frá fyrnefnda sjónarhorninu mætti spyrja hver sé kveikja bænarinnar og hvers vegna beðið sé: með hvaða hugarfari eða út frá hvaða „markmiðum“? Eins mætti spyrja hver áhrif og verkanir bænarinnar séu og þá einkum í huga biðjandans. Hlutlæg eða upplifuð bænheyrsla er ekki óhjákvæmilega æskilegasti ávöxtur bænar heldur sú huggun, sátt, von eða hugarró sem hún kemur til leiðar. Félagsfræðilegar rannsóknir geta á hinn bóginn skerpt sýn okkar á breytingar á bænahegðun okkar: Eru Íslendingar hættir að biðja? Hvernig er bænariðkun háttáð á heimilum? Hversu algengt er að fólk biðji kvöld- eða morgunbænir? Eru börnum enn kenndar bænir? Biður fólk helst frá eigin brjósti eða lifa gömlu bænarversin áfram og berast þau jafnvel til næstu kynslóðar? Aukin þekking á þessum sviðum mundi auka innsýn okkar í þróun íslensks þjóðfélags og menningar og er þá ekki aðeins átt við trúarlega menningu.

Svo er auðvitað mögulegt að ástunda bænarannsóknir út frá allt öðrum sjónarhornum og nálgast bænina þá sem texta — mæltan af munni fram eða ritaðan. Í því sambandi má minna á að í söfnum okkar, og þá ekki síst Handritadeild Landsbókasafns, er varðveittur aragrúi handrita sem hafa að geyma bænir og vers af ýmsu tagi. Þá er aðeins hársbreidd milli bæna og sálmversa. Sé þess gætt verður efniviður fyrir textafræðilegar bænarannsóknir enn víðameiri. Auk þess er svo bænir að finna víða í öðrum handritum.

Séu handrit og textar lagðir til grundvallar við bænarannsóknir verða fyrir viðfangsefni af allt öðru tagi en að framan greinir. Auðvitað liggur nærri að kanna textann sjálfan og inntak hans: Hvernig var beðið meðan handritin voru enn nytjahlutir en ekki komin í geymslu á safni? Voru bænir almennt rímaðar og í bundnu máli eða eru líka til fornar lausamálsbænir? Hvaðan voru „íslenskar“ bænir upprunnar, voru þær til orðnar á íslensku og í landinu sjálfu eða voru þær af erlendum uppruna? Hvert var t.a.m. sambandið milli bænanna sem skráðar voru í handrituðum bænakverum og voru ýmist beðnar í einrúmi eða í heimilisguðrækni og helgitexta kirkjunnar og þá ekki síst þeirra litúrgísku? Hversu algengir eru t.d. textar úr Saltaranum, sem var fyrirferðarmikill í tíðagjörð kirkjunnar, í handrituðum bænabókum? Um hvað var beðið? Voru það bara andlegir hlutir eða líka efnislegir? Hver var guðsmyndin sem fram kemur og hvaða sjálfsmynd var haldið að biðjandanum í hinum skráðu bænum?

Einnig er mögulegt að horfa framhjá textanum og skoða handritin sjálf. Í hvernig handritum eru íslenskar bænir og vers frá fyrri öldum varðveitt? Eru þau stór eða smá, íburðarmikil eða fátaekleg? Voru þau skráð til viðhafnarnotkunar eða til að hafa um hönd hversdags? Eru þau vel varðveitt eins og helgigripir eða snjád af mikill notkun? Að hversu miklu leyti er mögulegt að rekja eigendasögu einstakra handrita? Er mögulegt að flokka þau í karla- og kvennahandrit? Má með þeirra hjálp greina á milli kynjaðra vídda í bænamenningunni — báðu konur öðruvísi en karlar? Eða er mögulegt að greina aðrar víddir með hjálp handritanna, t.a.m. stéttarmun eða mun milli landshluta? Þá er langsniðsathugun vissulega áhuga-verð í þessu samhengi: Hvernig þróuðust bænirnar gegnum tíðina? Að hve miklu leyti er t.d. hægt að greina áhrif siðaskiptanna? Svo komu auðvitað út prentaðar bæna- og sálma-bækur á síðari öldum. Þar fóru menntaðir kirkjuleiðtogar með ritstjórnarvaldið og öðrum þræði var þarna um innrætingar-, mótunar- og stjórntæki að ræða. Því er sú spurning brýn hvert sambandið sé milli prentaðra bóka og handrita. Skrifuðu þeir sem ekki gátu eignast hinar prentuðu bækur upp afrit af þeim eða opna handritin allt annan heim en útgefnu ritin? Er hægt að greina mismun á bænamenningu kirkjunnar í prentmálinu og trúarlegri alþýðumenningu í handritunum?

Þess vegna er þessi lopi teygður hér að nýútkomin bók Svavars Sigmundssonar, *Íslenskar bænir fram um 1600*, skapar algjörlega nýja innsýn í bænamenningu þjóðarinnar á miðöldum og fram yfir siðaskipti og leggur mikilvægan grundvöll að rannsóknum á borð við þær sem hér hefur verið fjölyrt um. Handrit frá fyrri öldum eru misaðgengileg og ekki á allra færi að styðjast við þau sjálf við rannsóknir. Það getur verið krefjandi að lesa misgóðar rithendur í missnjáðum handritum þar sem böndum og styttingum er einnig beitt í ríkum mæli. Góðar textaútgáfur eru því mikilvægur milliliður milli safnkostsins og rannsókna. Auk þess felur útgáfan sjálf í sér mikla rannsóknarvinnu sem ekki er á allra færi.

Í bók sinni gerir Svavar Sigmundsson grein fyrir bæði heilum bænabókum og einstökum bænum sem varðveist hafa í handritum eða prentuðum bókum fram um 1600 og birtir texta þeirra. Eftir 1600 tóku prentaðar bækur stöðugt meira við hlutverki bænabóka í handritum. Vissulega voru handrituð bænakver í notkun lengi eftir þetta en gera verður ráð fyrir að með tilkomu prentuðu ritanna verði mikil hvörf í þessu efni og að prentuðu bækurnar hafi tekið að móta bænalífið með algerlega nýjum hætti. Eðlilegt er því að miða við þessi tímamót.

Í inngangsköflum bókarinnar fjallar Svavar stuttlega um bænir og bænaiðkun frá sögulegu sjónarhorni, sem og bænabækur og varðveislur þeirra. Þá er að finna ýtarlegt yfirlit yfir efni bóka sem hann birtir í riti sínu. Í lok þeirrar athugunar sem þar er gerð kemst Svavar að þeirri niðurstöðu að íslenskar bænabækur virðast hafa verið fastheldnari á fornar bænir en hliðstæð rit annars staðar á Norðurlöndum, nýjungar virðast hafa komið hægar fram hér en annars staðar og tilhneigingin til að notfæra sér arf eldri bóka verið ríkari (bls. 69–70). Er hér komin enn ein vísbendingin um hve „seigfljótandi“ íslensku siðaskiptin voru í raun og veru og hve ríkt samhengið í íslenskri trúarsögu virðist vera.

Meginefni bókarinnar er svo útgáfa á bænaarfinum sjálfum. Fyrst er birtur texti stakra bæna sem varðveittar eru á víð og dreif í handritum allt frá því um 1200 (bls. 77–159) og síðan texti tíu bænabóka. Er þar um að ræða Bænabók Guðbrands Þorlákssonar sem prentuð var 1576 og níu handrit (bls. 161–333). Útgáfan er stafrétt og vel merkt hvar í handritunum einstakar bænir er að finna. Þá hefur verið leyst upp úr skammstöfunum og böndum sem gerir textann aðgengilegri en ella. Útgáfan nýtist því vel til frumrannsókna án þess að rannsakandinn búi að mikilli filólógískri þekkingu og þjálfun.

Vissulega er meginefni bókarinnar einvörðungu þeir bænatextar sem Svavar hefur víðað að sér til útgáfunnar ásamt þeim fyrirsögnum og „rúbrikum“ sem fylgja kunna bænunum þar sem þær eru skráðar. Við lestur ýmissa bænanna sem birtar eru í bókinni vaknar aftur á móti sá áleitni grunur að greina megi sjálft bænaatferli fólks meðan bænirnar voru lifandi þáttur í trúariðkun. Til þess þarf þó víðameiri könnun en tök hafa verið á til þessa. Ljóst er því að útgáfan getur með tíð og tíma opnað alveg nýja innsýn í trúarlíf fyrir á öldum.

Auk allra formlegustu skráa (heimilda-, handrita- og nafnaskráa) er birt skrá yfir fyrirsagnir bæna, upphöf íslenskra og latneskra bæna, sem og biblíutilvitnanir.

Vert er að þakka Svavari Sigmundssyni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og öllum sem að bókinni komu fyrir þetta mikilvæga framlag til íslenskra bæna- og trúarlífsrannsóknna. Eru guðfræðingar hér með hvattir til að kynna sér vel þann mikilvæga bænarauf sem gerður er aðgengilegur með útgáfunni, bæði til eigin uppbyggingar og fræðilegra rannsókna á þessari mikilvægu hlið á trúarmenningu þjóðarinnar.